

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2002 frá 19. apríl 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/412/EB frá 3. júní 1999 varðandi spurningalista sem aðildarríkin nota við skýrslugerð skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 259/93 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn á undan aðlögunartextanum:

„- **399 D 0412:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/412/EB frá 3. júní 1999 (Stjtið. EB L 156, 23.6.1999, bls. 37).“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir aðlögunartextanum í lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn:

„Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2000 frá 31. mars 2000 er Liechtenstein heimilt, að því er varðar hættulegan úrgang, sem er fargað eða endurnýttur í Sviss, að nota svissnesk fylgibréf í stað stöðluðu fylgibréfa sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB. Upplýsingar sem lagðar eru fram innan ramma ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/412/EB mega fylgja svissneskri flokkun og tölusetningu.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 156, 23.6.1999, bls. 37.

2. gr.

Texti ákvörðunar 1999/412/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.